

ÁKVÖRDUN RÁÐSINS

2008/EES/23/14

frá 20. desember 2004

um breytingu á ákvörðun 1999/847/EB að því er varðar framlengingu á aðgerðaáætlun
Bandalagsins á sviði almannavarna (*)

(2005/12/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 308. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun ráðsins 1999/847/EB frá 9. desember 1999 um að innleiða aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði almannavarna ⁽²⁾ er kveðið á um aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði almannavarna, viðbúnaðar og viðbragða við náttúruhamförum og hamförum af mannavöldum, bæði á landi og á sjó á tímabilinu 1. janúar 2000 til 31. desember 2004.
- 2) Nýlegir atburðir, s.s. flóðin í Mið- og Austur-Evrópu sumarið 2002, Prestige-slysið á Spáni í nóvember 2002 og hitabylgjan og miklir skógareldar í sunnanverðri Evrópu sumarið 2003, sýna að halda skuli áfram aðgerðum á vettvangi Bandalagsins á sviði almannavarna skv. ákvörðun 1999/847/EB.
- 3) Til þess að komast hjá því að rof verði milli þess dags þegar ákvörðun 1999/847/EB fellur úr gildi og gildistökudags nýs lagagrundvallar er nauðsynlegt að framlengja aðgerðaáætlunina, sem komið var á fót með ákvörðun 1999/847/EB, um tvö ár.

- 4) Breyta ber ákvörðun 1999/847/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 1999/847/EB er breytt sem hér segir:

- a) Í stað „31. desember 2004“ í 1. mgr. 1. gr. komi „31. desember 2006“.

- b) Í stað fyrstu undirgreinar 3. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„Viðmiðunarfjárhæðin fyrir framkvæmd þessarar áætlunar er 7,5 milljónir evra á tímabilinu 1. janúar 2000 til 31. desember 2004 og 4 milljónir evra á tímabilinu 1. janúar 2005 til 31. desember 2006“.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. desember 2004.

Fyrir hönd ráðsins,

P. VAN GEEL

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 6, 8.1.2005, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2005 frá 10. júní 2005 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 52, 13.10.2005, bls. 15.

⁽¹⁾ Álitum var skilað 15. desember 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

⁽²⁾ Stjtuð. EB L 327, 21.12.1999, bls. 53.